

**Sveitarfélagið Vesturbyggð**

Aðalstræti 75
450 Patreksfirði

Styrkur til almenningssamganga

Sveitarfélagið Vesturbyggð óskaði eftir þann 1. apríl 2025 við Vegagerðina að fá greiddan styrk til almenningssamgangna í Vesturbyggð fyrir árin 2024 og 2025. Forsaga máls er að Vegagerðin hefur greitt styrkt til þessa verkefnis tímabilið 2019 til 2023, eða allt frá því að fjárveiting úr þróunarsjóði ríkisins lauk, en sá sjóður var forsenda þess að verkefnið, almenningssamgöngur milli Vesturbyggðar og Tálknafjarðar, var sett á laggirnar. Árið 2024 urðu sveitarfélögin tvö, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð, síðan sameinuð í eitt undir nafni Vesturbyggðar.

Vegagerðin tilkynnir með bréfi þessu að styrkur til almenningssamganga í Vesturbyggð verður veittur fyrir árið 2024 á grundvelli fyrirbyggjandi samþykkis Vegagerðarinnar frá 21. desember 2023. Greiðsla fyrir umræddum styrk verður afgreidd á næstu dögum.

Vegagerðin tilkynnir enn fremur að styrkur til sama verkefnis fyrir árið 2025 er hafnað og mun ekki koma til greiðslu, og að ekki liggi fyrir nein önnur samþykkt þess efnis, sbr. styrk fyrir árið 2024. Áframhaldandi styrkveiting til verkefnisins af hálfu Vegagerðarinnar er einnig lokið og ekki mun koma til frekari afgreiðslna.

Ástæður ákvörðunar Vegagerðin um að hætta frekari styrkveitingu er að Vegagerðin vinnur samkvæmt stefnu stjórnvalda í almenningssamgöngum. Í þeirri stefnu segir að ríkið komi að rekstri almenningssamgangna sem eru á milli byggða og að almenningssamgöngur innan einstakra sveitarfélaga séu á forræði viðkomandi sveitarfélags. Rekstur almenningssamgangna innan Vesturbyggðar telst því, samkvæmt stefnu stjórnvalda, sem akstur innan eins sveitarfélags. Þá var rekstur verkefnisins í upphafi ekki hluti af leiðaneti landsbyggðarvagna, leiðakerfinu sem Vegagerðin ber ábyrgð á og rekur fyrir hönd ríkisins, heldur þróunarverkefni milli ráðuneytis og samtaka sveitarfélaga. Verkefnið var því ekki og er ekki í hluti af rekstrarverkefnum Vegagerðarinnar.

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar.
Hulda Rós Bjarnadóttir
Sérfræðingur